



3. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, miðvikudaginn 30. september 2020.

Fundurinn var haldinn í Vallarhúsi kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri

Mættir frá stjórn handknattleiksdeildar: Hannes Sigurðsson formaður handknattleiksdeildar, Erla Dögg Ragnarsdóttir formaður mfl.ráð kvenna, Benharð Eðvarsson formaður BUR og Haukur Sörli formaður mfl.ráð karla.

Dagskrá:

1. Kynning stjórnar handboltans á nýju stöðugildi innan BUR

Stjórn handboltans kynnti hugmynd sína um stöðu yfirþjálfara/verkefnastjóra handboltadeildar BUR sem deildin hefur í hyggju að ráða í.

Aðalstjórn tekur þetta til umhugsunar og mun senda svar til stjórnarinnar.

2. Afreks og styrktarsjóður – úthlutum

Úthlutun úr Afreks- og styrktarsjóði fer fram 1. október. 6 einstaklingar sóttu um að þessu sinni. Ákveðið var að úthluta úr sjóðnum að verðmæti kr. 280.000.

3. Fjármál og samantekt af fundi með Mosfellsbæ.

Birna, Sigurður Rúnar og Kristrún funduðu með Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra og Lindu Udengard framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar í síðustu viku.

Kynnt var raunstaða félagsins og greint frá fjárhagsstöðu félagsins vegna afleiðinga af Covid-19 faraldrinum, m.a. bág fjárhagsstaða meistaraflokka sökum niðurfellingar á mörgum viðburðum sem eru ráðunum mikil tekjuöflun.

4. Deildarfundir

Ráðgert er að halda deildarfundir í október að öllu óbreyttu. 6 mánaðar uppgjör verða tilbúin fyrir deildarfundir.

5. Önnur mál

a) Framvinda bókhalds:

Framvinda bókhalds var rætt auk hugmynd stjórnar handboltans varðandi nýkynnta stöðu handboltadeildar BUR.

b) Tillaga vegna æfingatíma:

Sigurður Rúnar bar fram tillögu er varðar æfingatíma í þremur stærstu deildum félagsins og var hún samþykkt af aðalstjórn. Tillagan hljóðar á þessa leið:

„Aðalstjórn samþykkir að fela skrifstofu félagsins að hefja undirbúning á samþættingu æfingatíma í bur starfi deilda.



Markmiðið er að frá og með haustmisseri 2021 verði árekstrar á æfingátímum í útgefni æfingatöflu fyrir veturinn 2021-2022 í algjöru lágmarki.

Aðaláherslan verði á samþætta æfingátíma barna 12 ára og yngri í þremur stærstu deildum félagsins, knattspyrnu, fimleikum og handbolta.

Jafnframt verði æfingatafla 2021-2022 gefin út samtímis fyrir allar deildir félagsins, eigi síðar en 15. ágúst 2021.

Þessi vinna skal leidd af skrifstofu félagsins, fyrir hönd aðalstjórnar, í samvinnu við stjórnendur deilda.

Henni skal að vera að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2021. Þangað til skulu stöðuskýrslur lagðar fyrir aðalstjórn reglulega þar sem framvinda verkefnisins er kynnt.

Fyrsta stöðuskýrsla skal lögð fram eigi síðar en 1. desember 2020 og í henni skal m.a. vera að finna greiningu á árekstrum í nágildandi æfingatöflu 2020-2021.“

Fundi slitið kl.20:00 Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

Í viðhengi er svar aðalstjórnar vegna erindi stjórnar handknattleiksdeildar

Svar við erindi stjórnar handknattleiksdeildar varðandi stöðu starfsmanns BUR.

Aðalstjórn fagnar því að stjórn handknattleiksdeildar sé að leita leiða til að auka faglegt starf hjá iðkendum BUR. Aðalstjórn hefur þó áhyggjur af fjölda iðkenda sem eru nú 167 en samþykkt fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir um 250 iðkendum til þess að fjármagna starfið. Við vonum að iðkendurnir séu hjá okkur en óskráðir og þurfum við svör við því hversu margir eru að mæta á æfingar.

Aðalstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að Gunnar Magnússon verði ráðinn sem starfsmaður BUR með nokkrum athugasemdum.

- Aðalstjórn óskar eftir svörum um hversu margir eru að mæta á æfingar og að áhersla verði lögð á að ganga frá skráningu allra iðkenda.
- Aðalstjórn setur skilyrði að BUR sé mannað ráð með hefðbundnum hætti skv. lögum félagsins.
- Starfsheiti starfsmanns verði í samræmi við önnur starfsheiti hjá félaginu og verði yfirþjálfari og deildarstjóri BUR, handknattleiksdeildar.
- Staðan sé endurmetin á næsta aðalfundi handknattleiksdeildar með tilliti til iðkendafjölda og fjármögnunarleiða.

Fyrir hönd aðalstjórnar 1. október 2020,

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður.